

Alþjóðlegt menningarsetur

Hús lista- og fræðimanna á Laugarvatni





Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.	2
Alþjóðlegt menningarsetur á Laugarvatni	3
Frumkvöðlar	4
Markmið	5
Leiðir að settum markmiðum.	5
Markaðurinn	7
Form fyrirtækis.	8
Rekstraráætlun	9
Laugarvatn	10
Héraðsskólinn á Laugarvatni.	12
Málþing um framtíð Héraðsskólans	13
Raunveruleg framtíðarsýn	14
Höfundar	15



Alþjóðlegt menningarsetur á Laugarvatni

Hér er lýst hugmynd að stofnun alþjóðlegs menningarseturs fyrir lista- og fræðimenn í húsi Héraðsskólans á Laugarvatni. Slík starfsemi hefði mikla sérstöðu hér á landi en sambærileg starfsemi þekkist víða erlendis.

Stærð og umfang starfseminnar skapar þær aðstæður að listamenn og fræðimenn úr ólíkum greinum og af ólíku þjóðerni eiga kost á að hittast.

Gestir dvelja í næði í einstöku umhverfi í lengri eða skemmri tíma til að vinna að hugðarefnum sínum sem einstaklingar eða í hópi. Þannig verður til lifandi samfélag á staðnum á hverjum tíma sem á sér ekki hliðstæðu hér á landi.

Laugarvatn er einstakur staður á margan hátt og reksturinn mun í eðli sínu verða hluti af þeirri heild sem fyrir er.



Gullkistan 2005, Lóur eftir Heklu Björk Guðmundsdóttur.



Frumkvöðlar



Kristveig Halldórsdóttir og Alda Sigurðardóttir.

S tofnendur eru: Alda Sigurðardóttir og Kristveig Halldórsdóttir. Kristveig og Alda kynntust í Myndlista- og handiðaskóla Íslands þar sem þær stunduðu nám á árunum 1989-1993. Þær bjuggu báðar á Laugarvatni í tvö ár, þar af eitt ár samtímis. Alda var þá hjúkrunarfræðingur heilsugæslunnar á staðnum og Kristveig leikskólastjóri.

Sú hugmynd kviknaði að gera eitthvað áhugavert í húsi Héraðsskólans á Laugarvatni sem varð til þess að þær skipulögðu listahátíðina Gullkistuna sem haldin var vorið 1995. Hjarta hátíðarinnar var í Héraðsskólanum enda var einn megin tilgangurinn sá að vekja athygli á stöðu hússins sem þá var í mikilli niðurníðslu og framtíðarnotkun þess óráðin.

Hátt á annað hundrað manns tóku þátt í hátíðinni og lögðu af mörkum myndlist, tónlist af ýmsu tagi og leiklist. Árið 2005 héldu Kristveig og Alda aðra Gullkistu, listahátíð með enn meiri þátttöku og fjölbreytni á sviði lista og fræða, má þar m.a. nefna málþing um framtíð Héraðsskólans. Síðustu tvö ár hafa þær unnið jöfnum höndum að því að gera Héraðsskólann á Laugarvatni að lifandi menningarsetri eins og lýst er í þessum gögnum.

Alda og Kristveig hafa auk þessa verið virkar og skapandi á vettvangi listanna öll þessi ár og báðar tekið þátt og stjórnað ýmsum ólíkum listviðburðum, stórum og smáum.



Gullkistan 2005, merki listahátíðarinnar.



Markmið

- að reka alþjóðlegt menningarsetur fyrir lista- og fræðimenn.
- að kynna staðinn sem eftirsóknarvert mennta- og menningarsetur tengt merkki sögu Laugarvatns og Héraðsskólahússins.
- að innlendir og erlendir lista- og fræðimenn njóti góðs af vinnu í fögru og friðsælu umhverfi við skapandi aðstæður.
- að listamenn og fræðimenn leggi til frumsamin verk sem verði aðgengileg á bókasafni eða í öðru formi og þannig verði til sjálfstætt safn fræði- og listaverka í eigu stofnunarinnar.
- að almenningur hafi beinan aðgang að menningarlegum uppákomum í húsinu, svo sem fyrirlestrum, sýningum, námskeiðum, tónleikum og leiksýningum.



Leiðir að settum markmiðum

- að skipuleggja starfsemina þannig að hún lagi sig að innra skipulagi hússins.
- að halda úti vandaðri vefsíðu sem geri sögu staðarins og starfsemi hússins skil auk þess sem hægt verði að sækja rafrænt um dvöl á staðnum.
- að vera í samstarfi við íslensk félög lista- og fræðimanna og virkja það alþjóðlega tengslanet sem þau eru í.
- að vera í samstarfi við stofnanir og fyrirtæki sem geta stutt starfsemina á einn eða annan hátt.
- að stuðla að nánú samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á Laugarvatni og í nágrenni staðarins.
- að sjá til þess að gestir hússins sýni verk sín eða haldi fyrirlestra, þannig að almenningur geti notið þeirra. Með því verði Héraðsskólinn lifandi menningarsetur þar sem alltaf er eitthvað um að vera.
- að hluti hússins verði opinn fyrir uppákomur af ýmsu tagi, ráðstefnur og fyrirlestrahald. Þar verði einnig rekin upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn með kaffi- og bóksölu og aðgangi að internetþjónustu.
- að sækja um aðild að Res Artist sem eru stærstu alþjóðlegu samtökin um gestavinnustofur fyrir listamenn með aðsetur í Hollandi (200 vinnustofur í 53 löndum).

Innsetning eftir Rebekku Rán Samper í Héraðsskólanum.



Gullkistan, opnun á 17. júní 2005.



Markaðurinn

Markhópurinn

Einstaklingar og hópar listamanna og fræðimanna um allan heim. Einnig stofnanir og félög úr alþjóðlegum heimi lista og fræða.

Það sem er eftirsóknarvert

Listamenn og fræðimenn hafa jafnan sóst eftir að fara að heiman til að vinna í öðru umhverfi. Þannig hafa þeir getað slitið sig frá því sem truflar, hvílst, sótt sér innblástur og skapað nýjar hugmyndir. Þeir hafa kynnst nýjum aðstæðum, aðferðum og fólki og haft það allt með sér aftur heim á einn eða annan hátt.

Markaðssetning

Starfsemin verður kynnt meðal listamanna og fræðimanna jafnt innanland sem utan. Opnuð verður aðgengileg vefsíða þar sem staðurinn, aðstaðan og starfsemin verður vel kynnt og þar sem hægt er að sækja beint um á netinu. Sótt verður um aðild að Res Artis.

Stefnt er að því að hafa öflugt net samstarfsaðila og er hér listi yfir þá helstu. Margir þeirra búa einnig yfir öflugum neti alþjóðlegra tengsla og geta séð í hendi sér möguleikana á Laugarvatni til að efla þau á einn eða annan hátt.

- BÍL - Bandalag íslenskra listamanna.
(Leikarar, myndlistarmenn, hönnuðir, arkitektar, rithöfundar, tónskáld, tónlistarmenn, hljómlistarmenn, leikarar, leikstjórar, leikskáld, kvikmyndagerðarmenn, kvikmyndaleikstjórar, leikmyndahönnuðir, dansarar o.s.frv.).
- Félög fræðimanna.
(Náttúruvísindamenn, fornleifafræðingar, heimspekingar, bókmenntafræðingar, norrænufræðingar, íslenskufræðingar, tungumálafólk, sagnfræðingar, fræðimenn úr raungreinum, verkfræðingar, guðfræðingar, heilbrigðisvísindamenn, búfræðingar, íþróttufræðingar, mannfræðingar, þjóðfræðingar, viðskiptafræðingar, stjórnmálafræðingar o.s.frv.).

- Reykjavíkúrákademían.
- Skólar á Laugarvatni.
- Félagasamtök á Laugarvatni.
- Tónlistarskóli Árnassýslu.
- Skálholt.
- Allir skólar á háskólastigi.
- Hollvinasamtök Héraðsskólans (hafa ekki enn verið stofnuð formlega).
- Hollvinir gufubaðsins – The Blue Lagoon.
- ML - ingar.
- Listasöfn (Íslands, Reykjavíkur, Árnassýslu, Akureyrar).
- BHM.
- Félög kennara.
- Áhugaleikhúsin.
- Fyrirtæki og einstaklingar

Verðlagning

Aðstaða og gisting verður í boði á kostnaðarverði. Gestir geta auk þess leigt vinnuáðstöðu á verkstæðum á Laugarvatni og í nágrenni. Samið verði um aðgang gesta að ýmiss konar þjónustu á Laugarvatni ef óskað er.



Form fyrirtækis

U m er að ræða sjálfseignarstofnun. Hlutfjár verður aflað hjá fyrirtækjum og einstaklingum sem áhuga hafa á að styrkja slíka starfsemi. Gert er ráð fyrir að stofnfé verði um 30 milljónir króna.

Í stjórn sitja fimm menn. Kristveig og Alda, tveir fulltrúar styrktaraðila og fulltrúi frá menntamálaráðuneytinu sem er eigandi hússins. Stjórnin heldur fundi a.m.k. 4 sinnum á ári.

Sett verður á stofn fagráð þar sem framkvæmdastjóri vinnur með fulltrúum fagaðila, einum frá Reykjavíkurakademíunni fyrir hönd fræðimanna og öðrum frá Bandalagi íslenskra listamanna. Einnig má gera ráð fyrir fulltrúa sveitarfélagsins í fagráði, t.d. menningarfulltrúa Bláskógabyggðar. Kristveig og Alda skiptast á að sitja í fagráðinu.

Stjórnin sér um að ráða framkvæmdastjóra og sér hann um daglegan rekstur.



Börn á Laugarvatni skoða listaverk Áslaugar Tóku Gunnlaugsdóttur.

Gerid þið svo vel, gjörningur Hörpu Bjönsdóttur við Vígðulaug í samvinnu við Nýló kórinn.



Rekstraráætlun

Rekstraráætlun fyrir Alþjóðlegt menningarsetur, hús lista- og fræðimanna á Laugarvatni, er gerð til 8 ára. Á árinu 2008 er gert ráð fyrir undirbúningi að starfseminni en að hún verði formlega opnuð um mitt ár 2009.

Framkvæmdstjóri verði ráðinn haustið 2008 til að sinna markaðssetningu og endanlegri útfærslu á starfseminni.

Boðið verði upp á gistingu í 16 einstaklingsherbergjum og í einni íbúð. Gert er ráð fyrir tekjum að meðaltali kr. 25.000.-á viku fyrir einstaklingsherbergi en kr. 40.000.- fyrir íbúð á viku. (tölur miðað við verðlag ársins 2008). Þegar starfsemin er komin í fullan rekstur er reiknað með gestum í 48 vikur á ári og 70% nýtingu að meðaltali. Gert er ráð fyrir að íslenska ríkið, sem er eigandi hússins, láni það til afnota undir starfseminna.



Útsýni yfir Laugarvatn frá Héraðsskólanum.



Laugarvatn

Laugarvatn er lítið þorp í nánnum tengslum við næstu sveitir með um 250 skráða íbúa. Áður en Laugarvatn varð að skólasetri átti Þórarinn B. Þorláksson, fyrsti menntaði listmálarinn á Íslandi, sumarbústað þar og málaði myndir.

- Laugarvatn hefur verið skólasetur frá árinu 1928 og frumkvöðlar Héraðsskólans litu svo á að þar yrði einnig draumaland listamanna. Í sumarhótelu Héraðsskólans sat Halldór Laxness við skrifrit.
- Á Laugarvatni eru nú nokkrir skólar, Menntaskólinn að Laugarvatni, Íþróttafraeðanám við Kennaraháskóla Íslands, grunnskóli og leikskóli. Margir þekktir fræðimenn hafa starfað við þessa skóla.
- Á sumrin eru rekin hótél í tveim skólum auk þess sem þar er stórt gistiheimili og íþróttamiðstöð sem tekur á móti stórum hópum.
- Á Laugarvatni er auk þess fjölbætt þjónusta við ferðamenn, verslanir og veitingahús, heilsugæsla og hið víðfræga gufubað sem nú verður gert að mikilli heilsulind.
- Á Laugarvatni er einstök aðstaða til íþróttaiðkunar bæði inni og úti og þar er einnig góð útisundlaug.
- Á Laugarvatni og í næsta nágrenni eru fjölbreytilegar gönguleiðir og áhugaverðir staðir til að skoða.
- Laugarvatn er vinsæll veiðistaður og þar er líka hægt að sigla bátum á sumrin og fara á skíðum á veturna.



Gullspretturinn, torfæruhlaup í kringum Laugarvatn á Gullkistunni 2005. Er nú orðinn árviss viðburður. Hlaupið byrjar og endar við Gufubaðið á Laugarvatni.



Laugarvatn

- Á sveitabæjum í nágrenni Laugarvatns eru kúabú og sauðfjárbú, einnig almenn ferðarþjónusta, blómarækt í upphituðum gróðurhúsum, hestaleiga, fiskvinnsla, sala veiðileyfa og golfvöllur.
- Í innan við 30 km fjarlægð frá Laugarvatni eru sögufrægir staðir eins og Þingvellir, Gullfoss, Geysir og Skálholt og óteljandi aðrir áhugaverðir staðir.
- Laugarvatn er í 70 km fjarlægð frá Reykjavík um Þingvelli en í 90 km fjarlægð um Selfoss sem er 40 km frá Laugarvatni.
- Hálandi Íslands liggur að Laugarvatni.



Gullfoss.

Sundlaugin á Laugarvatni.



Héraðsskólinn á Laugarvatni

Guðjón Samúelsson hannaði héraðsskólahúsið á Laugarvatni sem stendur nú sem merkilegur vitnisburður um tilraun hans til að endurgera hinn gamla burstabæjarstíl. Að frumkvæði forvígismanna skólans, Jónasar Jónssonar frá Hriflu og Bjarna Bjarnasonar skólastjóra, var listamönnum boðið til dvalar á Laugarvatni á hverju sumri fram að seinni heimsstyrjöld.



Héraðsskólinn á Laugarvatni .

Verk eftir Ragnhildi Stefánsdóttur.



Málþing um framtíð Héraðsskólans

Á Gullkistunni 2005 var haldið málþing um stofnun alþjóðlegrar listamiðstöðvar. Eftir málþingið var samþykkt einróma að senda yfirvöldum áskorun um að hlúa að Héraðsskólanum, koma í veg fyrir frekari skemmdir á húsnæðinu sjálfu og að fá því nýtt hlutverk í takt við nýja tíma.

Íslenska ríkið hefur nú að mestu lokið við nauðsynlegar endurbætur á húsinu að utan.



Verk eftir Önnu Eyjólfsdóttur.

Málþing um Héraðsskólann á Laugarvatni.



Raunveruleg framtíðarsýn

Ef hugmyndin um Alþjóðlegt menningarsetur verður að veruleika í Héraðsskólanum á Laugarvatni er tryggt að þar verður lifandi mennta- og menningarsetur um ókomin ár.



Héraðsskólinn á Laugarvatni um vetur.



Laugarvatn, þjóðvegur 37.



Höfundar

Alda Sigurðardóttir, Ártúni 3, 800 Selfoss,
farsími: 892 4410
aldasig@simnet.is
www.simnet.is/aldasig

Kristveig Halldórsdóttir, Ásvallagötu 81, 101 Reykjavík,
farsími: 699 0700
kristveig@islandia.is
www.internet.is/kristveigh

Hægt er að nálgast nákvæma viðskipta- og rekstraráætlun hjá höfundum.



Sumarnótt á Laugarvatni.